



## Starfsáætlun Leikskólans Laugalandi 2021-2022

## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

## Inngangur

Á þessu skólaári hefur skólastarfið verið með nokkuð hefðbundnum hætti þrátt fyrir að Covid hafi litað það örlítið á köflum en starfsmenn hafa verið duglegir að láta það ekki hafa áhrif á sig. Hér höfum við ekki glímt við „Covid-þreytu“ eins og talað er um að sé á mörgum vinnustöðum. Starfsfólk var þakklátt fyrir fríð sem það fékk á milli jóla og nýárs og tel ég að það hafi gert fólki gott og hefur gleði og jákvæðni einkennt starfsmannahópinn á þessari önn.

Í öllu starfi er unnið eftir aðalnámskrá og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Einnig er skólastefna Odda bs. höfð að leiðarljósi og koma fram í skýrslu þessari flestir þættir sem meta skal.

Skólaárið fór vel af stað og hafa ný börn verið að tínast inn í skólann alveg fram í febrúar en 13 ný börn voru tekin inn á skólaárinu en eitt þeirra hætti í mars. Aðlögun hvers barns hefur tekið mun lengri tíma en oft áður og hefur það oft valdið auknu álagi á starfsmenn og kennara á Covid tímum. Börn hafa verið meira heima og minna innan um fólk og því erfiðara að fara frá foreldrum sínum. Aðlögun er krefjandi verkefni og er mikilvægt að vel sé staðið að henni því hún getur haft áhrif á alla leikskólagönguna.

Faglegt starf gekk vel. Lögð var áhersla á góða umönnun og öryggi allra barna og frjálsan leik. Einnig var unnið að því að börnin væru virkir þátttakendur (á eldri deild) og hlustað á hvað þau höfðu til málanna að leggja. Unnið var markvisst með Lubba sem er málörvunarefni og kennir íslensku mállhljóðin, Blæ sem er vináttuverkefni og forvörn gegn einelti, joga og hugarfrelsi og ýmislegt fleira. Reglulega er farið í útikennslu „úti er ævintýri“ og einnig var farið í læsisátak. Útivera er daglega og er yfirleitt farið út tvisvar á dag. ART féll því miður niður í vetur en starfsmenn voru ekki sáttir við að kenna það námsefni og sammælt um að leggja meiri áherslu á joga og Hugarfrelsisefnið og flétta það meira inn í starfið. Það þarf líka að gæta þess að hafa stundaskrá barnanna ekki of þétta svo börnin fái nægan leik en þar læra þau best.

Þróunarverkefnið okkar um snemmtæka íhlutun sem átti að vera tilbúið í febrúar hefur sniglast áfram og mun því formlega ljúka nú í lok maí. Þá tekur við vinna að kynna það betur fyrir öllum starfsmönnum og foreldrum og fara að vinna eftir þeim aðferðum og ferlum sem gerðir voru.

Starfsmannaaðstaða leikskólans var orðin allt of lítil en æ fleiri starfsmenn eiga lögbundna undirbúningstíma. Í undirbúningsherberginu við hlið skrifstofu leikskólastjóra var ekki hægt að halda „Covid fjarðlægd“ milli starfsmanna. Það var leyst með því að leikskólinn fékk afnot af kjallarafbúð í skólastjórabústaðnum og er þar ágætis undirbúningsherbergi og vinnuástaða sem starfsfólk nýtir sér. Einnig var útbúin þar kaffistofa og hvíldarherbergi fyrir starfsmenn en sú aðstaða hefur lítið sem ekkert verið notuð. Fólki finnst ekki taka því að klæða sig í yfirhafnir og skó og fara á milli húsa í alls konar veðrum fyrir aðeins 15 mínútur og situr heldur í kaffi inni á deildum. Að vera með námsgögn í kjallaranum þykir starfsmönnum einnig óþægilegt og væri betra að hafa þau öll undir sama þaki og helst á sama stað.

Það var áskorun að skipuleggja starfið þegar kom til styttingar vinnuvikunnar og þegar KÍ fólk fékk aukinn undirbúning. Í leikskólanum var ákveðið að taka 5 mínútur af kaffitímum í styttingu og safna þeim saman með 13 mínúturnum. Þannig áttu starfsmenn í 100% vinnu um 6,6 klst á mánuði í styttingu. Þegar þetta var endurskoðað af starfsmönnum þá var ákveðið að safna styttingu í ca. einn og hálfan mánuð þannig að starfsmaður nái einum heilum degi í styttingu. Þannig fækkum við líka dögum sem starfsmenn eru frá. Frá 1. október tóku nýir samningar KÍ fólks gildi og þá var m.a. aukið við undirbúningstíma. Fagmenntaður deildarstjóri í 100% vinnu á rétt á 10 tímum og leikskólakennari 7 tíma. Þetta er töluverð fjarvera af deild og getur valdið auknu álagi á starfsmenn. Til þess að halda uppi leikskólastarfi og svo ekki þurfi að senda börn heim hafa starfsmenn ekki alltaf komist í sinn lögbundna undirbúning en þá þarf að borga þá tíma í yfirvinnu.

Tvö starfsmannasamtöl hafa verið tekin á skólaárinu þar sem farið var yfir líðan starfsmanna, starfsanda, liðsheild og styrkleika. Í fyrra samtalinu kom í ljós að einhver kurr var á meðal starfsmanna og töldu einhverjir að þeim liði ekki alltaf mjög vel í vinnunni. Í seinna samtalinu sem var í febrúar var orðinn viðsnúningur og allir starfsmenn mjög ánægðir og sáttir. Til þess að styrkja enn frekar starfsanda fengum við til okkar námskeið eða hópefli „lífsgleði og vellíðan“. Námskeið til að styrkja sjálfsmynd, velja jákvæðar hugsanir og æfingar í að hrósa sjálfum sér og öðrum. Í niðurstöðum sjálfsmats nú í apríl telja 100% starfsmanna að þeim líði vel í vinnunni sem er afar ánægjulegt.

Þann 26. og 27. apríl var gert ytra mat í leikskólanum. Hingað komu tvær konur frá Menntamálastofnun og voru hér í tvo daga. Skoðuðu starfið, söfnuðu gögnum og tóku viðtöl við börn, foreldra, starfsmenn, deildarstjóra og leikskólastjóra. Það verður síðan gaman að sjá hverju matið skilar okkur til áframhaldandi framþróunar og umbóta.

Það er kominn tími á að uppfæra skólanámskrá skólans og er sú vinna hafin. Síðasta starfsdag þann 6. apríl fengum við fyrirlestur frá leikskólaráðgjafa um aðalnámskrá leikskóla og var farið yfir hlutverk leikskóla, leik og nám, námsumhverfi og námssvið leikskólans og það sem við þurfum að huga að við gerð námskrár. Síðan var hópavinna. Framhaldsvinna heldur síðan áfram næsta haust og munu þá starfsmenn, foreldrar og börn koma meira að þeirri vinnu.

## **Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun**

Í leikskólanum er sífellt verið að meta starfið með fjölbreyttum hætti. Starfsmannasamtöl eru haldin öllu jöfnu nokkrum sinnum á ári þar sem farið er yfir líðan og starf viðkomandi einstaklings, það metið og ákvarðanir varðandi áframhaldandi starf teknar. Síðan eru haldnir deildarstjórafundir, deildarfundir og starfsmannafundir þar sem sífellt er verið að meta og þróa starfið. Einnig eru haldin foreldraviðtöl a.m.k. einu sinni á ári og oftar ef þörf krefur.

Inna mats könnun er lögð fyrir starfsfólk, foreldra og börn að vori (apríl-maí) og ef ekki næst 80% ánægja með þá þætti sem spurt er um þá fer það á úrbótaáætlun. Sett markmið til umbóta, aðgerðir til umbóta, tímaáætlun, ákveðnir ábyrgðaraðilar, hvernig staðið er að endurmati og viðmið um árangur.

## **Starfsmannakönnun – úrvinnsla vor 2021**

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir starfsmenn 12. apríl og var könnun opin til 20. apríl. Spurningalistinn var sendur á 16 starfsmenn og svöruðu 14 eða 88% starfsmanna. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag, stjórnun, auk spurninga frá úrbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju (mjög sammála eða sammála) eru settir á útbótaáætlun. Í þessari könnun er sett á úrbótaáætlun ef þrír starfsmenn eru ekki ánægðir með viðkomandi þátt sem spurt er um.

Öllum starfsmönnum finnst samskipti starfsmanna við börnin á deildunum einkennast af virðingu, jákvæðni og kurteisi og telja einnig að börnin eigi jákvæð samskipti sín á milli. Einnig telja allir að börnum og foreldrum sé heilsað þegar þau koma í leikskólann og þegar þau eru kvödd í lok dags. Allir starfsmenn telja að það ríki góður starfsandi í vinnunni og öllum líður vel þar. Þegar spurt er um hvort viðhorf starfsfólks til foreldrasamstarfs einkennist af jákvæðni virðingu og nærgætni telja allir svo vera. Allir upplifa foreldra jákvæða í garð leikskólans og að trúnaður ríki milli foreldra og starfsmanna. Einn starfsmaður er nokkuð ósammála því að það ríki trúnaður innan starfsmannahópsins en hinir telja að svo sé. Allir eru stoltir af vinnustaðnum sínum og telja að deildarstjóri leggi rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi og að deildarfundir nýtast vel. Einn starfsmaður telur þó að stundum þurfi lengri fundi þar sem oft er farið yfir mál á hundavaði. Allir starfsmenn telja að leikskólastjóri leggi rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi. Þegar spurt er um miðlun upplýsinga frá foreldraviðtölum eða upplýsingum um sérþarfir barna telja allir að það sé gott upplýsingaflæði, frá deildarstjórum, hópstjórum og frá sérkennslustjóra. Deildarstjórar koma skilaboðum og

breytingum vel til skila og telja allir að þeir hafi góða yfirsýn yfir málefni deildanna. Einn starfsmaður er ósammála því að starfað sé eftir skólanámskrá skólans og telur námskrá að nokkru leyti úrelta og annar segir að skólanámskrá sé í vinnslu sem er rétt. Starfsmannafundur reynast öllum gagnlegir. Allir eru sammála því að litið sé á leiki barnanna sem náms- og þroskaleið og að velferð barnsins sé ávallt höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Starfsmenn eru sammála um að sjálfstæði barnanna sé eftt með því að þau fái að gera hlutina sjálf. Þegar spurt er um hvort vinnuáðferðir allra starfsmanna séu samræmdar þá eru langflestir sammála því en þó eru tveir nokkuð ósammála því. Spurt var hvar í starfinu börnin væru áhugasömumust og töldu starfsmenn að það væri í flestum athöfnum. Oftast var þó talað um að mest ánægja er í frjálsum leik, skapandi starfi, íþróttum /sundi og útiveru. Flestir starfsmenn voru sammála því að umhverfi á útisvæði hvetji til skapandi leiks en einn var ósammála því og annar telur að það vanti meira fyrir eins árs börnin. Einn starfsmaður telur að efniviður í leikskólanum bjóði ekki upp á fjölbreytta leiki og skapandi hugsun en allir aðrir telja að þessi þáttur sé í lagi. Nær allir starfsmenn telja að börnin læri um undirstöðu heilbrigðis og vellíðan (s.s. næring, hreyfing, hreinlæti og hvíld) en einn er ósammála því. Allir starfsmenn telja að börnin læri um sjálfbærni og vísindi (s.s. árstíðir, dýr, plöntur og vísindi), einnig um sköpun og menningu (s.s. skapandi leik, myndlist, nærumhverfi og lýðræði) og um læsi og samskipti (s.s. skiptast á í leik, bóklestur og söng). Allir telja leiksvæðin vera í lagi og einn starfsmaður bætir við að það mætti bæta. Allir eru sammála því að nýliðar fái góða aðlögun og tilheyrandi leiðsögn. Þegar spurt er um hvort starfsmenn séu ánægðir með vinnuáðstöðu/kaffistofu starfsmanna í kjallaranum eru flestir ánægðir með hana. Tveir eru samt mjög óánægðir. Einn skrifar í texta að aðstaðan nýtist illa sem kaffistofa og annar skrifar að hún sé ágæt til undirbúnings en óhagstæð sem kaffistofa og til að ná í efnivið með stuttum fyrirvara og telur að betra væri ef allt væri undir sama þaki. Þetta þarf að endurskoða.

Þegar farið er yfir það sem sett var á úrbótaáætlun þá kemur það í ljós að allir þættir eru komnir í lag.

### Á úrbótaáætlun vor 2020 var eftirfarandi sett:

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Árangur</i>
Að útileiksvæði verði lagað/ og farið yfir leiktæki	Talað við eignaumsjón	Haut 2020	Leikskólastjóri / Eignaumsjón	Komið vor 2021
Koma skilaboðum um allar breytingar til skila til starfsmanna	Koma skilaboðum t.d. í skilaboðabók daglega, á deildarfundum / á starfsmannafundum	Haut 2020	Deildarstjórar/ leikskólastjóri	Komið vor 2021
Að leiðbeina nýliðum vel og fræða	Nota móttökuáætlun leikskólans þegar nýr	Haut 2020	Deildarstjórar	Komið vor 2021

	starfsmaður byrjar.			
--	---------------------	--	--	--

### Á úrbótaáætlun vor 2021 er eftirfarandi sett:

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Að uppfæra skólanámskrá leikskólans og að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig skal vinna að þeim þáttum sem aðalnámskrá setur. Hvaða leiðir eru farnar.	Fundir, fræðsla og hópavinna. Starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt.	Skólaárið 2021-2022	Leikskólastjóri	Námskrá tilbúin fyrir lok skólaárs.
Að bæta kaffiástöðu starfsmanna þannig að ekki þurfi að fara út og í annað hús í öllum veðrum.	Ræða við þá sem hafa með húsnæði skólans að gera.	Haut 2021	Leikskólastjóri	Að starfsmenn beggja deilda komi saman á sameiginlega kaffistofu.

### Foreldrakönnun Holt – úrvinnsla vor 2021

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 23 barna í Holtum 15. apríl og var könnun opin til 25. apríl. Spurningalistinn var sendur á 34 foreldra eða á öll netföng sem við höfum skráð hjá okkur og svöruðu 17 eða 50% þeirra sem fengu könnun senda. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, stjórnun, auk spurninga frá úrbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju (mjög sammála eða sammála) eru settir á útbótaáætlun. Í þessari könnun þarf fjóra foreldra sem eru óánægðir til að viðkomandi þáttur sé settur á úrbótaáætlun.

Allir foreldrar eru sammála því að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum og það sé vel tekið á móti þeim að morgni og þau séu kvödd hlýlega í lok dags. Foreldrar telja sig vera velkomin í leikskólann og að starfsmenn bregðist við ábendingum og beiðnum þeirra varðandi börnin. Allir eru ánægðir með samskipti starfsmanna við börnin og telja að námið sem börnin fá samræmist þeim væntingum sem þeir hafa til leikskólans. Þegar spurt er um hvort foreldrar telja sig fá upplýsingar varðandi líðan barna sinna í leikskólanum og hvort upplýsingastreymi frá skólanum sé gott eru allir foreldrar sammála því nema tveir sem eru ósammála. Öllum foreldrum finnst mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum/líðan barnanna. Foreldrar voru spurðir hvað þeir nýta sér helst til þess að fá upplýsingar um starfsemi skólans og kemur þar í ljós að dagleg samskipti við starfsfólk fær flest stig og þar á eftir facebooksíða skólans og í þriðja sæti Karellen. Heimasíðan okkar fær fæst stig. Allir foreldrar nema tveir telja að þeir séu látnir vita ef eitthvað kemur upp á varðandi barnið á leikskólatíma.

Varðandi samskipti foreldra við leikskólastjóra og deildarstjóra eru allir sammála um að þau samskipti séu góð. Eitt foreldri telur að það eigi ekki góð samskipti við starfsfólk á deildinni en allir aðrir telja samskiptin góð. Tveir foreldrar eru ekki ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki en aðrir telja kynningu á þeim góða. Allir foreldrar telja foreldraviðtöl mikilvæg og voru ánægðir með síðasta viðtal. Þegar spurt er um hvort foreldrum finnist foreldrafundur mikilvægir þá eru nær allir sammála því en einn er ósammála því. Allir foreldrar telja að komið sé til móts við umönnunarþarfir barna þeirra og eru ánægðir með þær aga- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum. Lang flestir foreldrar telja að hæfilega mikið sé af viðburðum þar sem foreldrum er boðið sérstaklega að koma í leikskólann en einhver bætir við að þessi spurning eigi ekki við þar sem Covid 19 hefur verið undanfarið ár en það hefur sett foreldrum skorður að taka þátt í viðburðum. Allir eru ánægðir með matseðil skólans en eitt foreldri saknar þess að hann hefur ekki ekki alltaf verið settur inn á heimasíðuna. Almenn ánægja er með þær samskipta- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum og einn segist gjarnan vilja sá þær listaðar á blaði. Allir foreldrar nema tveir telja sig fá tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig unnið sé saman að uppeldi barnanna. Eitt foreldri telur að námsefni leikskólans sé ekki við hæfi barnsins síns en allir aðrir telja að námsefni sé við hæfi. Þrír foreldrar eru óánægðir með húsnæði leikskólans og leikaðstöðu innandyra. Eitt foreldri skrifar: „*leikrými á yngri deildinni virkar þínu þröngt en krakkarnir virðast ánægð*“. Varðandi leikaðstöðu úti eru allir nema tveir ánægðir og skrifar eitt foreldri: „*rólóinn fyrir framan skólann er of lítill og nýi leikvöllurinn vestan við skólann mætti ekki koma honum meira í gagnið þar er gras sem mér finnst alveg vanta á rólóinn fyrir framan skólann*“. Annað foreldri skrifar: „*mætti vera snyrtilegri aðkoma, oft/drasl í gangveginum, brotið dót, hlið og alls konar. Svo mætti vera leikaðstaða á grasi*“. Þegar spurt er um umferðaröryggi telja allir nema þrír að það sé í lagi. Eitt foreldri sem er nokkuð ósammála skrifar: „*Það á eftir að klára bílastæði og gangbrautir tengd því, merkingar eru ekki réttar miðað við nýtt skipulag á bílaplani. Mikið um að foreldrar séu að skilja bíla eftir í gangi þegar það fer inn með börnin sín. Starfsfólk leikskóla mætti venja sig á að leggja lengst frá, svo það sé pláss fyrir foreldra sem eru að koma með og ná í börnin sín, en þá á móti á eftir að merkja svæðið upp á nýtt... Einnig við stiga upp á efri deild að framan þar mætti gjarnan fjarlægja þá steina sem skaga fram fyrir tröppurnar þannig að ef barn myndi detta fram af handriðið að það myndi detta á gras en ekki stórgrýti*“.

Allir foreldrar sem svara eru ánægðir með stjórnun deildarinnar og telja að auðvelt sé að ná samband við deildarstjóra. Einnig telja allir að leikskólanum sé vel stjórnað og það sé auðvelt að ná sambandi við leikskólastjóra. Allir eru sammála því að samvinna leik- og grunnskóla sé góð. Þegar spurt var um dagskipulag deildarinnar voru allir ánægðir með það en eitt foreldri segist ekki vita það og annað skrifar: „*börnin mættu fara meira út þó það sé ekki sól og logn*“. Margir foreldrar hafa kynnt sér skóladagatal skólans en fjórir segjast ekki hafa gert það og fimm foreldrar á deildinni hafa ekki kynnt sér skólanámskrána. Þeir foreldrar sem hafa kynnt sér skólanámskrána telja hana skýra og greinargóða.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram, hvað þeir séu sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram.

„*Ef börnunum mínum líður vel og hlakkar til að fara í leikskólann, þá er ég mjög ánægður*“

„*Mér finnst of mikið af biblíusöngvum í leikskólanum. Við erum ótrúuð og vildum meira hlutleysi hvað varðar trú*“.

„Reglulegri endurnýjun leikefnis og markvissari hugsun í því“

„Gott utanumhald um barnið – góð samskipti þegar eitthvað kemur uppá og reyna eins og hægt er að láta barninu líða vel og eru í góðum samskiptum við foreldra – góð samvinna milli foreldra og deildarstjóra“

„Ég er mjög ánægð með allt. Barninu mínu er ekkert sérstaklega vel við utanaðkomandi aðila en hefur tekið starfsfólki á leikskólanum vel og á sínum tíma án pressu“

„Allt gott“

„Everything is good“

„Gott viðmót starfsmanna“

„Það mætti taka betur til eftir hvern dag á litla leiksvæðinu fyrir framan neðri deildina, þar liggja leikföng úti í öllum veðrum og þá á ég sérstaklega við um tréleikföng sem þola ekki að vera úti í öllum veðrum, ég hef séð trévagna bara morkna í sundur þarna og oft frekar draslaralegt á svæðinu... einnig þessi harmonikkuhlið, picknik borð o.fl. þarf viðhald og umhyggju“

„Þið eruð að standa ykkur vel“

#### Úrbótaáætlun vor 2020 – foreldrar

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Árangur
Bæta leikaðstöðu utandyra	Útbúa leikaðstöðu með meiri grasi	Sumar 2020	Leikskólastjóri / Eignaumsjón	Kominn nýr völlur.
Bæta umferðaröryggi við skólann	Merkja stæði, hagræða umferð, bæta lýsingu.	Sumar 2020	Eignaumsjón	Komið að hluta til vor 2021. Verður vonandi klárað sumar 2021.
Kynna aga- og hegðunarreglur fyrir foreldrum	Setja upplýsingar á heimasíðu skólans	Haut 2020	Leikskólastjóri	Ánægja með þetta vor 2021 en unnið verður samt áfram með þennan þátt áfram næsta skólaár.



Bæta upplýsinga- streymi frá skólanum	Setja upplýsingar frá starfinu á heimasíðu skólans	Haust 2020	Leikskólastjóri/ aðstoðar- leikskólastjóri/ deildarstjórar	Komið vor 2021
---	--	------------	---	-------------------

### Úrbótaáætlun vor 2021 – foreldrar í Holtum

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Bæta umferðaröryggi við skólann	Merkja stæði, hagræða umferð, bæta lýsingu.	Sumar 2021.	Eignaumsjón.	Að bílastæðin séu merkt og komin aukin lýsing á svæðið.
Kynna aga- og hegðunarreglur fyrir foreldrum	Setja upplýsingar á heimasíðu skólans Námskeið fyrir starfsmenn.	Fyrir lok skólaárs 2021-22.	Leikskólastjóri.	Að agastefna skólans verði komin inn í skólanámskrá.

### Foreldrakönnun Land – úrvinnsla vor 2021

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 21 barna uppi á Landi þann 15. apríl og var könnun opin til 25. apríl. Spurningalistinn var sendur á 34 foreldra eða á öll netföng sem við höfum skráð hjá okkur og svöruðu 20 eða 59% þeirra sem fengu könnunina senda. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, stjórnun, auk spurninga frá úrbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju (mjög sammála eða sammála) eru settir á útbótaáætlun. Í þessari könnun þarf fjóra foreldra sem eru óánægðir til að viðkomandi þáttur sé settur á úrbótaáætlun.

Allir foreldrar telja að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum. Eitt foreldri er nokkuð ósammála því að vel sé tekið á móti barninu og að það sé ekki kvatt í lok dags en allir aðrir eru ánægðir með þann þátt. Foreldrar telja sig velkomin í leikskólann en eitt foreldri telur svo ekki vera og eigi ekki við í Covid. Varðandi samskipti starfsmanna við börn á deildinni eru allir ánægðir með þau. Nær allir foreldrar telja að námið sem börn þeirra fá samræmist þeim væntingum sem þeir hafa til leikskólans en tveir foreldrar eru ekki sammála því. Lang flestir foreldrar telja að starfsmenn bregðist við ábendingum þeirra eða beiðnum varðandi börnin en eitt foreldri er ósammála því. Þegar spurt var um hvort foreldrar fengu upplýsingar varðandi líðan barnanna í leikskólanum voru flestir sammála því en tveir voru nokkuð ósammála. Allir foreldrar telja að mikilvægt sé að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum/líðan barnanna. Varðandi upplýsingastreymi frá deildinni kemur í ljós að fjórir foreldrar eða 20% eru ósammála því og það þarf að bæta. Foreldrar voru spurðir hvað þeir nýta sér helst til þess

að fá upplýsingar um starfsemi skólans og kemur þar í ljós að flestir nýta sér dagleg samskipti og facebook síðu skólans (jafnmargir) og í öðru sæti er það tölvupóstur og þriðja sæti fær Karellen. Í neðsta sæti er heimasíða skólans og skólanámskráin. Allir foreldrar telja að þeir séu látnir vita þegar eitthvað kemur upp á varðandi börnin þeirra í leikskólanum en þó er eitt foreldri ósammála því. Nær allir foreldrar telja samskipti við leikskólastjóra vera góð en þó eru tveir sem telja að svo sé ekki. Allir foreldrar telja að þeir eigi góð samskipti við deildarstjóra. Þegar spurt er um samskipti foreldra við starfsfólk deildarinnar telja allir nema einn að þau séu góð. Allir foreldrar nema einn eru ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki. Foreldraviðtöl telja allir foreldrar mikilvæg og voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal. Tveimur foreldrum finnst foreldrafundur að hausti ekki mikilvægir en aðrir telja að svo sé og eitt foreldri skrifar: „*hef ekki hugsað út í það*“. Öllum foreldrum finnst starfsfólk koma til móts við umönnunarþarfir barna sinna en eitt foreldri er ekki sammála því. Þegar spurt er um ánægju með þær aga- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum eru flestir sáttir við þær. Þrír foreldrar skrifuðu í athugasemd að þeir hefðu ekki upplýsingar um hverjar þær væru. Spurt var um hvort hæfilega mikið væri af viðburðum þar sem foreldrum er sérstaklega boðið að koma í leikskólann og flestir telja svo vera en fjórir bentu réttilega á að þessi spurning ætti ekki við vegna aðstæðna. Stærsti hluti foreldra er ánægður með matseðil skólans, en þó eru fjórir sem ekki eru ánægðir. Ekkert kemur nánar fram í skýringum í hverju óánægjan felst svo erfitt er að bregðast við. Langflestir eru ánægðir með þær samskipta- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum en tveir telja sig ekki vita hverjar þær eru. Þrír foreldrar telja sig ekki fá næg tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig þeir vinni saman að uppeldi barna sinna en allir aðrir eru ánægðir með þann þátt. Flestir foreldrar telja að námsefni leikskólans sé við hæfi en þó eru þrír foreldrar ósammála því. Einn telur að námsefni sé of líkt og það mætti vera meiri útikennsla. Tveir foreldrar eru ekki ánægðir með húsnæði leikskólans og telur einn að WC aðstaðan mætti vera betri. Allir nema einn eru ánægðir með leikaðstöðuna innandyra og tveir eru óánægðir með leikaðstöðuna utandyra. Þá skrifar einn „*það vantar leikaðstöðu á grassvæðinu*“ og annar skrifar: „*það þyrfti að klára hinn leikvöllin og hann notaður meira*“. Nú telja flestir foreldrar að umferðaröryggi sé gott en þó eru tveir ekki sammála því. Allir eru ánægðir með stjórnun deildarinnar og allir nema einn telja að auðvelt sé að á sambandi við deildarstjóra. Allir telja að auðvelt sé að ná í leikskólastjóra og allir nema einn eru ánægðir með stjórnun leikskólans. Samvinnu leik- og grunnskóla telja allir góða en eitt foreldri er þó ósammála því. Eitt foreldri er ekki ánægt með dagskipulag deildarinnar og skrifar: „*í skólanum er rekið mjög metnaðarfullt starf. Hef stundum áhyggjur af því að það sé mögulega of metnaðarfullt og of mikil keyrsla á margar stefnur og aðferðir. Velti fyrir mér hvort nægur tími gefist fyrir frjálstan leik og ekki þurfi of oft að stoppa og skipta í skipulagða stund. Bara vangaveltur er almennt ánægð með starfið*“. Allir foreldrar nema einn af þeim sem svara hafa kynnt sér skóladagatal leikskólans. Sex foreldrar hafa ekki kynnt sér skólanámskrána og segir einn: „*Á erfitt með að finna hana, er alls ekki viss um hvaða heimasíða er í notkun og aðeins í erfiðleikum með að finna núgildandi námskrá*“. Annar segir: „*já að hluta, má greinilega uppfæra*“. Þrír foreldrar telja skólanámskrá leikskólans ekki skýra og greinargóða og þrír segjast ekki hafa kynnt sér hana. Aðrir telja hana hana í lagi. Skólanámskrá þarf að uppfæra og sú vinna nú þegar hafin.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram með hvað þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram.

„Ef börnunum mínum líður vel og hlakka til að fara í leikskólann, sem þau gera, þá er ég mjög ánægður með hvað fer framm þarna!“

„Frábært skólaumhverfi og yndislegt starfsfólk. Finnst prestheimsóknir samt tímaskekkja í skólastarfi“

„Starfsfólk leikskólans ætti að fá verðlaun fyrir endalausa nennu. Það er farið út alveg saman hvernig veðrið er og vinnan ekki talin eftir sér þó allir verði rennandi blautir. Þetta er framúrskarandi í leikskólanum Laugalandi, miðað við annan leikskóla sem við höfum kynnt. Einnig er einstakt að farið sé með krakka í sund. Skyldi það vera hreinlega einstakt á landsvísu? Virkar eins og einhverjir taki þessu sem sjálfsögðum hlut en okkur finnst þetta vera alveg stórkostlegt! Bravó!“

„Barninu mínu líður vel í leikskólanum“

„Mjög ósátt við skipulag á starfsdögum. Finnst ekki vera gott skipulag að hafa alltaf fyrsta dag eftir stór frí skipulags/starfsdag. Hefði verið mikið sniðurgra að hafa þá fyrir frín þar sem flestir krakkar fara líka frekar í frí fyrr.“

„Flott starf en mætti auka upplýsingalfæði“

„Mér finnst frábært að það sé boðið upp á sundkennslu“

„Mjög ánægð með leikskólann“

„Langar að benda á uppsetningu á þessari könnkun – vantar algjörlega svarmöguleika (hvorki né, á ekki við) á milli þess að vera sammála eða ósammála, svo þyrftu svarmöguleikar að vera sumstaðar „já“ og „nei“ t.d. ég hef kynnt mér skólanámskrá. Væri frábært að fá frekari upplýsingar um hvaða námsefni er verið að vinna með hverju sinni. Einnig finnst mér ábótavant/umhugsunarvert hve lágt hlutfall starfsfólks á eldri deild er með menntun sem nýtist í starfi samanborið við yngri deild!“

„Sérstaklega ánægð með áhugann sem sýndur er krökkunum“

„Upplýsingaflæðið almennt gríðalega ábótavant síðustu vikur“

### Úrbótaáætlun vor 2020 - foreldrar

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Árangur
Bæta leikaðstöðu utandyra	Útbúa leikaðstöðu með meiri grasi	Sumar 2020	Leikskólastjóri / Eignaumsjón	Kominn nýr völlur.
Bæta umferðaröryggi við skólann	Merkja stæði, hagræða umferð, bæta lýsingu.	Sumar 2020	Eignaumsjón	Komið að hluta til vor 2021. Verður vonandi klárað sumar 2021.
Kynna aga- og hegðunarreglur fyrir foreldrum	Setja upplýsingar á heimasíðu skólans	Haust 2020	Leikskólastjóri	Ánægja með þetta vor 2021 en unnið verður samt áfram með þennan þátt næsta skólaár

Bæta upplýsinga- streymi frá skólanum	Setja upplýsingar frá starfinu á heimasíðu skólans	Haust 2020	Leikskólastjóri/ aðstoðarleik- skólastjóri/ deildarstjórar	Ekki komið vor 2021
---	--	------------	---	------------------------

### Úrbótaáætlun vor 2021 – foreldrar Landi

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Bæta umferðaröryggi við skólann	Merkja stæði, hagræða umferð, bæta lýsingu.	Sumar 2021	Eignaumsjón	Að bílastæðin séu merkt og komin aukin lýsing á svæðið.
Kynna aga- og hegðunarreglur fyrir foreldrum	Setja upplýsingar á heimasíðu skólans. Námskeið fyrir starfsmenn	Áramót 2021-22	Leikskólastjóri	Að agastefna skólans verði komin inn í skólanámskrá.
Bæta upplýsinga- streymi frá skólanum / deildinni	Setja upplýsingar frá starfinu á heimasíðu /facebooksíðu skólans.	Haust 2021	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Viðmið að þessi þáttur komi vel út í næstu könnun.

### Sjálfsmat - Blái hópur elstu börn leikskólans

Elsti árgangur var spurður hvernig þeim liði í hinum ýmsu stundum í leikskólanum. Börnin gátu valið að merkja við einn broskall en þrír mismunandi „broskallar“ voru í boði. Með brosandi munn, flatan munn, eða leiðan. Síðan voru þau spurð hvað væri skemmtilegast og hvort eitthvað væri erfitt eða leiðinlegt og að lokum hver uppáhaldsmaturinn þeirra væri. Svör barnanna um líðan var síðan sett upp í súlurit.

„Mér finnst skemmtilegt að leika við vini mína og bara allt. Reiknivélin og gaman að hitta mömmu í vinnunni. Erfitt að hitta einhverja nýja krakka og kennara – suma en ekki alla. Uppáhaldsmatur er grjónagrautur.“

„Mér finnst skemmtilegt að fara í sund og leiðinlegt þegar ég finn engan til að leika með. Uppáhaldsmatur pizza og skyr.“


„Skemmtilegast að leika við NN. Erfitt að perla sjálfur og leiðinlegt ef það vantar dót og ef engin prik finnast í úti er ævintýri og þegar lesin er hættuleg bók. Allur matur góður en grjónagrautur bestur.“

„Skemmtilegt að leika, fara í sund, íþróttir, lita, leira, Lubbi, dúkkur og bangsar og fara í joga. Mér þykir leiðinlegt að fara heim útaf því það er gaman að leika. Erfitt að læra stafi í hópastarfi og fá ekki leir og vera kyrr í samverustund og söngstund. Besti maturinn er grjónagrautur, pizza, pylsur og kjöt.“

„Gaman að leika við vini mína bæði úti og inni. Erfitt ef einhver meiðir sig og leiðinlegt þegar ég fer heim – gaman að fara út að leika. Besti matur er gúllas og gular baunir.“

„Skemmtilegt t.d. allt dótið á háaloftinu. Það er ekkert erfitt eða leiðinlegt en oft er erfitt í sögustund, nónhressingu, tónlistarskólanum af því þá þarf að sitja og joga er of rólegt fyrir mig. Uppáhaldsmatur eru jarðarber.“

„Skemmtilegt þegar litla systir sækir mig en erfitt að bíða eftir að hún hætti að meiða og garga í leikskólanum. Gaman að vera inni þegar kalt er úti. Hópastarf getur verið leiðinlegt að gera það sem aðrir segja. Erfiðar jogaæfingar. Erfitt að gera eins og sagt er og sitja kyrr í samverustund. Erfitt að borða hratt í matartímanum og þurfa að sitja kyrr. Uppáhaldsmatur er bleikja.“



## Sérkennsla

Sérstök könnun var send út til foreldra þeirra níu barna sem hafa hlotið sérkennslu eða stuðning í vetur og svöruðu sex foreldrar. Allir þessir foreldrar telja að börnin þeirra fái nægilega þjónustu og/eða sérkennslu og eru ánægðir með eftirfylgni kennslunnar. Foreldrar telja að auðvelt sé að ná sambandi við starfsmenn sérkennslu og samskipti við kennara séu góð. Þar sem teymi eru í kringum börnin, telja foreldrar þeirra teymisfundi mikilvæga og voru þeir ánægðir með síðasta teymisfund. Allir þessir foreldrar telja að Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu gagnist börnunum þeirra. Í lok könnunar var opin

spurning og skrifuðu þar þrír foreldrar eftirfarandi: „Allt bara mjög vel gert og er mjög ánægð með allt“. „Frábært starf gæti ekki verið ánægðari!“ „Mjög vel haldið utan um okkur.“

## Aðlögun

Könnun var send út til foreldra sem hafa átt börn í aðlögun á skólaárinu og svöruðu sex. Allir sem svöruðu fannst vel tekið á móti þeim og börnunum í upphafi aðlögunar og vel staðið að henni. Eitt foreldri fannst það ekki fá nægilegar upplýsingar um leikskólann við upphaf skólagöngu. Í lok könnunar var opin spurning þar sem foreldrar voru beðnir um að koma með ábendingar um hvað við gætum gert betur. Það sem þeir þeir skrifuðu var: „Ég var mjög ánægð með aðlögunina.“ „Fá lista yfir hvað á að vera í töskunni. Fá útprentað dagskipulag.“ „Nei, vel gert“.

Segja má að í heildina komi innra matið nokkuð vel út en búið er að fara yfir niðurstöður með starfsmönnum. Farið var yfir ábendingar og listað upp hvað við getum gert betur og gera tilsvarendi úrbótaáætlun. Þetta var gert á starfsmannafundi þann 17. maí sl. Farið verður einnig yfir niðurstöður með foreldraráði 20. maí n.k.

## Áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2021-2022

Helstu áherslur í skólastarfi næsta skólaár eru svipaðar þeim sem hafa verið sl. ár en þó bætist eitthvað við og ART dettur út.

Í leikskólanum hefst undirbúningur fyrir lestrarnám og verða áfram sérstakar stundir til að efla þennan þátt inni í dagskipulagi skólans (s.s. Lubbastundir). Þar er byrjað að móta jákvæð viðhorf til læsis og bóka. Unnið verður að eflingu máltjáningar og frásagnarhæfni. Orðaforði er eflur ásamt málskilningi og unnið er með hlustun. Allt þetta er gert í gegnum leik, lestur, söng og almenn samskipti. Daglega eru lestrarstundir, börnin er hvött til að tala og segja frá. Í leikskólanum er einnig læsishvetjandi umhverfi og sett fram leikefni sem hvetur til lesturs og ritunar. Sérstakt læsisátak verður á báðum deildum á haustönn í samstarfi við foreldra. Eftir því sem börnin eldast er unnið markvisst með hljóðkerfisvitund og í septembermánuði, á síðasta skólaári barnsins, verður lagt fyrir HLJÓM próf sem metur hljóð- og málvitund leikskólabarna. Einnig verður áfram unnið með Blæ vináttuverkefnið, joga og Hugarfrelsisnámsefnið.

Umhverfisfræðsla er öflugt í leikskólanum og er börnunum kennt að vernda náttúruna. Það verður unnið með þeim að þessum þáttum m.a. í samverustundum og svo verður farið í s.k. „Úti er ævintýri“ ferðir fast einu sinni í viku (úतिकенsla). Náttúran og umhverfið er skoðað og ýmis fræðslumyndbönd kynnt fyrir börnunum. Sorp er flokkað að hluta til svo börnin kynnist endurvinnslu og hvað hún felur í sér. Í skapandi starfi er reynt að endurnýta umbúðir og annað sem til fellur. Markmiðið er að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu og kynnist hringrás hennar. Börn sem þekkja náttúruna og eiginleika hennar eiga auðveldara með að vinna með náttúrunni. Í útivistinni fá börnin daglega tækifæri til að róta og sulla í mold og vatni og er stóri leikvöllurinn tilvalinn til þannig leikja. Notuð verða fjölbreytt efni úr náttúrunni til að vinna úr t.d. mold, vatn, steinar, laufblöð, blóm, sprek o.s.frv. Inni fá þau líka að sulla og gera tilraunir með vatn.

Börnin fá að kynnast nágrenni skólans en þar er trjágróður, fiskeldi, sauðfé, hross og mikið fuglalíf ásamt hólum, mómum og túnum. Með því að kynnast þessum hlutum í hópi annara barna,

með stuðningi kennara, læra þau að virða og annast náttúruna. Einnig sá börnin fræum að vori og rækta grænmeti og blóm.

Íþróttir og hreyfing eru hluti af stundaskrá og skipuleggur íþróttafraeðingur fasta tíma með æfingum sem henta hverjum hópi. Einnig verður gefinn rúmur tími fyrir frjálstan leik sem er börnunum mikilvægur.

Það verður einnig spennandi að vinna eftir nýju handbókinni okkar „Málörvun – alltaf alls staðar“ sem varð til við gerð þróunarverkefnisins um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Haldið verður áfram vinnu í tengslum við handbókina s.s. hvernig við tökum á móti erlendum nemendum. Unnið verður að umbótum sem settar voru á úrbótaáætlanir. Unnið verður að uppfærslu skólanámskrárinnar.

Tónlist verður áfram mikilvægur þáttur í öllu starfi skólans og samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga mun halda áfram með elstu nemendum leikskólans.

Allir starfsmenn fá námskeið í „Jákvæðum aga“ en það er uppeldisstefna sem byggir á gagnkvæmri virðingu. Það sem stýrir hegðun er að fólk er knúið áfram af innri þörfum eða að tilheyrta. Við höfum mest áhrif þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu og áhrifamestu verkfærin eru samhyggð, skilningur, þrautalausnir, góðvild og festa. Virðing er gagnkvæm, en í samskiptum eiga allir aðilar skilið virðingu. Viðbrögð við óæskilegri hegðun að leita orsaka, finna lausnir og fylgja ákvörðunum eftir. Nám barns fer fram þegar það upplifir tilgang, sjálfsstjórn og þátttöku. Þegar starfsmenn hafa lokið námskeiði þá munu aga- og hegðunarreglur verða kynntar fyrir foreldrum og þær settar í skólanámskrána.

Bæta þarf upplýsingarstreymi frá starfi skólans en það hefur ekki verið nægjanlega gott og eru ástæður fyrir því. Karelle appið hefur ekki alltaf verið að virka og fer mikill tími í að koma upplýsingum þar inn. Rætt hefur verið um að fara aftur að setja upplýsingar og myndir inn á lokuðu facebooksíðna okkar í stað heimasíðunnar sem við höfum hjá Karelle en í foreldrakönnuninni kemur fram að upplýsingar sem foreldrar fá eru aðallega við dagleg samskipti og facebook. Heimasíðan er í neðsta sæti. Rætt verður um þetta við foreldraráðið. Á eldri deildinni verður innleitt nýtt dagskipulag þar sem samsetning nemendahópsins, sem verður þar næsta vetur, þarfnast mikils skipulags. Litlir hópar og mikið myndrænt umhverfi.

Áhersla verður einnig lögð á að umferðaröryggi og að bílastæði og stéttar verði kláraðar og mun leikskólastjóri fylgja því eftir.

Áhersla á samstarf við foreldra heldur áfram. Haldinn verður foreldrafundur í upphafi skólaárs og fá foreldrar þar eða á sérstökum kynningarfundum kynningu á nýju handbókinni okkar „Málörvun- alltaf alls staðar“. Boðið verður upp á foreldraviðtöl í mars auk þess sem starfsmenn eru ávalt reiðubúnir að taka á móti og hlusta á foreldra varðandi uppeldi barna þeirra. Á báðum deildum verður lögð sérstök áhersla á samskipti við foreldra þegar komið er með börnin og þegar þau eru sótt. Helsti samskiptamáti fyrir utan dagleg samskipti verður lokaða Facebook síða skólans en það er sá upplýsingamáti sem foreldrar óska eftir. Foreldraráð / foreldrafélag leikskólans fundar nokkrum sinnum yfir skólaárið og skipuleggjur ýmsar uppákomur í samráði við leikskólastjóra. Allt foreldrasamfélag leikskólans er mjög jákvætt í garð leikskólans og er það mikill styrkur fyrir starf skólans. Áætlað er að setja fræðandi pistla á heimasíðna okkar eða facebook hópinn varðandi ýmislegt það sem við erum að gera. Þannig að foreldrar átti sig á hvað við erum og gera og hvers vegna.

## Starfsáætlun 2021-2022

Hérna kemur starfsáætlun fyrir starf leikskólans næstkomandi skólaár 2021-2022 en hún er einskonar leiðarvísir fyrir komandi starf. Tilgangurinn er m.a. að gera skólaþróun leikskólans markvissa og sýna að skólinn vinni að grunnþáttum menntunar. Einnig að það sé gert ráð fyrir mati á starfinu sem á að vera umbótamiðað. Starfsáætlun sýnir starfsfólki, foreldrum og rekstaraðilum hvernig áætlað er að starfið muni verða og hafa starfsmenn og foreldrar komið að vinnu við þessa áætlun.

**Júlí** Sumarlokun fimm vikur.

**Ágúst** Aðlögun nýrra barna og viðtöl við nýja foreldra. Áhersla á útileiki, útivist og skógarferðir. Hjóladagur áður en grunnskólinn byrjar. Tónlistarskóli fyrir elstu börnin, fædd 2016, byrjar. Stundaskrár gerðar klárar og verkefnum úthlutað til starfsmanna fyrir veturinn. Einstaklingsáætlanir yfirfarnar og skipulag sérkennslu sett upp. Dagskipulag eldri deildar endurskoðað. Niðurstöður ytra mats skoðaðar og gerð áætlum um umbætur.

**September** Útileikir, unnið með haustið. Evrópskur tungumáladagur þar sem fjallað er um önnur tungumál öðruvísi hefðir og menningu. Foreldrafundur, foreldraráðsfundur. Kynning fyrir foreldra á handbókinni „Málörvun – alltaf alls staðar“. Samvinna við grunnskóla hefst s.s. skólaheimsóknir þar sem elstu börn byrja að mæta tvisvar í mánuði í dagskóla með yngstu börnum grunnskóla og tvisvar í mánuði í kennslustund með 1. bekk. Íþróttaskólinn einu sinni í viku (sundkennsla). Leikskólaval (nemar úr grunnskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma). Byrjað að vinna markvist eftir stundaskrá vetrarins (Bína, Lubbi, Blær, árgangastarf, útikennsla, tónlist, íþróttir o.fl.). Hljómpróf lögð fyrir elsta árganginn. Farið yfir áfalla- og rýmingaráætlun með starfsfólki, einelti og jafnrétti. Einnig er starfsmönnum kynntar verklagsreglur varðandi tilkynningarskyldu við barnaverndaryfirvöld. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrrri hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda. Starfsdagur nýttur til skipulagningar á starfi. Leikskólastjóri fer á réttindanámskeið í „Jákvæðum aga“ á Akureyri. Vinna við að uppfæra skólanámskrá heldur áfram og mun halda áfram næstu mánuði.

**Október** Aðlögun heldur áfram á yngri deild. Kirkjuskóli hefst með sr. Halldóru. Kofasmíði o.fl á stóra leikvellingum. Dansskóli í fimm daga sem endar með sýningu fyrir foreldra. Bangsadagur. Bleikur dagur. Haustþingsdagur 8. október þar sem allir starfsmenn fá fræðslu. Starfsdagur 25. október þar sem allir starfsmenn fara á dags innleiðingarnámskeið í „Jákvæðum aga“ ásamt starfsfólki Heklukots. Starfsmannasamtöl (seinni hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda.



- Nóvember** Dagur íslenskrar tungu þar sem 1. og 2. bekkur grunnskólans koma í heimsókn. Unnið með þulur, ljóð og íslenska menningu. Jólaundirbúningur hefst s.s.með gerð adventukrans, jólapappírs, jólakort og jólagjafir til foreldra. Jólaleikrit (Grýla og jólasveinarnir) í boði foreldrafélags leikskólans. Lestraráttak sett í gang á báðum deildum. Vettvangsferð með elsta árganginn. Meta líðan barna, tengslakönnun. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrri hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Desember** Piparkökubakstur og foreldrakaffi. Margvíslegur jólaundirbúningur, jólagjöfum pakkað, skólinn skreyttur, jólaball í leikskólanum og grunnskólanum, generalprufa fyrir jólaskemmtun, og jólasprellsvika. Farið með kakó og piparkökur út í skóg með börn á eldri deild og elstu börn á yngri deild. Foreldraföndur foreldrafélagsins.
- Janúar** Þorrablót á bóndadaginn og skemmtiatriði sem börnin æfa, þulur og íslenskar vísur. Þjóðsögur. Grétar í Áshól með harmonikkuleik. Áhersla á menningu og þjóðlega siði. Vasaljósadagur. Íslenski þroskalistinn lagður fyrir foreldra allra fjögurra ára barna. Mot-hreyfiþroskapróf lögð fyrir börn fædd 2016 og 2017. Hljómpróf lagt aftur fyrir þau börn sem komu slök út í prófinu í september (ef einhver eru). Vinahringur (ath. hvort að öll börn séu ekki örugglega inni í innsta hring hjá a.m.k. einum starfsmanni). Unnið með veturinn. Gert áhættumat fyrir leikskólann. Starfsdagur 3. janúar notaður til fræðslu, funda og undirbúnings á starfi vorannar. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (seinni hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Febrúar** Tannverndarvika og unnið með þema um næringu, hollustu og heilsu. Fæðuhringurinn kynntur. Bakaðar bollur, „Dagur leikskólans“ haldinn hátíðlegur og ömmum og öfum boðið að koma í kaffi. Unnið að einhverju þema í samráði við börnin í kringum Dag leikskólans. Náttfatadagur. Unnið með þjóðlegt efni. Bolludagur. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrri hluti starfsmanna) fjallað um líðan, tækifæri til vaxta og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Mars** Foreldrasamtöl. Sprengi- og öskudagur (foreldrafélagið sér um skemmtun á Laugalandi). Búningadagur. Sögugerð og ljóð á eldri deild. Starfsdagur 2. mars nýttur til undirbúnings foreldraviðtala. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrri hluti starfsmanna) fjallað um líðan, tækifæri til vaxtar og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Apríl** Unnið með vorið. Vika regnbogans, fræðsla um einhverfu og fjallað um fjölbreytileikann, jafnrétti o.fl. Ræktun, sáð fræjum. Páskaföndur. Foreldrakönnun lögð fyrir foreldra og sjálfsmat lagt fyrir starfsmenn og börn. Að þessu sinni verður spurt um mannauð, leikskólabrag og uppeldis- og menntastarf. Umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi. Starfsdagur 19. apríl nýttur til undirbúnings fyrir starfið. Starfsmannasamtöl eða

snerpusamtöl (fyrri hluti starfsmanna) fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna.

## **Mái**

Útileikir, útskriftarferð, vettvangsferðir í næsta nágrenni. „Vorskóli“ elstu börn og nemendaskipti, en þá koma nokkrir nemendur úr grunnskólanum og elstu nemendur leikskóla fara upp í grunnskólann. Sauðburðardagur, vettvangsferð með börn af eldri deild. Fuglaþema/náttúran. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrri hluti starfsmanna) fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna. Úrvinnsla kannana.

## **Júní**

Áhersla á útileiki, og útivist, vettvangsferðir í næsta nágrenni skólans. Farið upp í Nefsholt og skoðaðir gamlir munir. Vettvangsheimsóknir á sveitabæi í sveitinni. Vorhátíð, útskrift elstu barna. Foreldrafélagið skipuleggur fjöruferð, fjölskylduferð þar sem foreldrar og systkini fara saman í Stokkseyrarfjöru. Gönguferð („gangan langa“ hálfur dagur) upp á Nefsholtsheiði og tekið með sér nesti. Gróðursett tré í Ásabrekku með Skógræktarfélagi Rangæinga. Hjóladaður. Skilafundur vegna elstu barna sem fara yfir á næsta skólastig (ef ekki að vori þá í ágúst í samráði við grunnskóla).

Þetta er, eins og fram kemur í inngangi kaflans, áætlun til að ramma starfið inn og gæta þess að unnið sé markvisst eftir aðalnámskrá leikskóla. Einstaka liðir geta breyst vegna aðstæðna og einnig er hlustað á börnin, þau höfð með í ráðum og þeirra hugmyndir og óskir teknar til greina við skipulagningu starfsins.

## **Starfsmenn**

Þann 1. maí starfa við skólann 17 starfsmenn með leikskólastjóra í samtals 14,3 stöðugildum plús tveir starfsmenn sem sinna ræstingu. Einn starfsmaður í 50% vinnu hefur verið í veikindaleyfi mars, apríl og maí. Annar starfsmaður í 100% stöðu hefur verið í veikindaleyfi frá 28. apríl en kemur væntanlega til starfa í lok maí. Auk leikskólastjóra eru aðeins þrír fagmenntaðir í samtals 2,5 stöðugildum auk þess sem tveir aðrir háskólamennaðir starfa við skólann. Annar er uppeldis og menntunarfræðingur og hinn er íþrótta- og heilsufræðingur samtals 1,6 stöðugildi. Í haust voru tveir starfsmenn í námi í leikskólakennarfræðum en nú á vorönn er aðeins einn. Áætluð starfsmannaþörf næsta vetur á deild miðað við þær upplýsingar sem ég hef núna er um 12.

Ekki hefur verið mikið um endurmenntun á sl. skólaári og spilar Covid þar stórt hlutverk. Þó hafa stöku starfsmenn farið á fyrirlestra á Teams eða Zoom. Einn fyrirlestur var fenginn fyrir alla starfsmenn á starfsmannafund á vorönn.

## **Starfsumhverfi**

Það verður að segjast að starfsumhverfi leikskólans er ekki alveg eins og best er á kosið. Starfstöðvar eru á fjórum stöðum. Tvær deildar á sitthvorum stað í húsinu, vinnuáðstaða

kennara í öðru húsi og skrifstofa leikskólastjóra í öðrum enda hússins. Þetta væri gott að endurskoða með tilliti til starfseminnar.

## Barnahópurinn

Þann 1. maí voru 44 nemendur við skólann. 21 barn var eldri deildinn og 23 á yngri deildinni. Lang flestir nemendur eru íslenskir en tvö börn eru pólsk og eitt frá Úkraníu. Níu börn hlutu sérkennslu og/eða stuðning.

Árgangur	Stelpur	Strákar	Samtals
2015	2	6	8
2016	3	5	8
2017	7	4	11
2018	2	3	5
2019	5	5	10
2020	1	1	2
	20	24	44

## Foreldraráð

Þrír til fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð/foreldrafélag (Hans og Gréta) leikskólans á Laugalandi. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrar barna á Leikskólanum Laugalandi geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólastjóra leikskólans eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við Odda bs. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra.

### Fylgiskjöl

1. Skóladagatal
2. Umsögn foreldrafélagsins

Laugalandi 20. maí 2021

Sigrún Björk Benediktsdóttir

